

Ár 1983, miðvikudaginn 9. nóvember, var í málinu nr. 2/1983 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Starfsmannafélag Akureyrarbæjar á sumarbústað í landi jarðarinnar Laxamýrar í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu. Hefur verið óskað eftir úrskurði nefndarinnar um það, hvort félaginu sé skylt að svara sveitarsjóði fasteignaskatti af eign þessari.


Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur umrætt félag almennt fyrirsvor starfsmanna Akureyrarbæjar, meðal annars um kaup og önnur kjör, og á aðild að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Umræddur sumarbústaður er eign félagsins og er til afnota fyrir félagsmenn. Samkvæmt því verður að telja, að uppfyllt séu skilyrði 5.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga fyrir undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. ennfremur 6.gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Er starfsmannafélagi Akureyrarbæjar samkvæmt því ekki skylt að svara fasteignaskatti af eign þessari.

ú r s k u r ð a r o r ð :


Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar er ekki skylt að svara fasteignaskatti af sumarbústað félagsins í landi Laxamýrar í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon